

Ed.

366. Frumvarp

til laga um ráðstafanir til öryggis við siglingar.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Þegar Lundúnasamþykktin frá 31. maí 1929 um öryggi mannlifa á sjónum hefir verið staðfest af Íslands hálfu, gerir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að Ísland taki hæfilegan þátt í birtingu veðurfregna til öryggis fyrir sjófarendur.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skal krefjast þess af útgerðarfélögum, er kynnu að hafa íslensk skip í förum yfir Atlantshafið, að þau tilkynni, hvaða leiðir skipum þeirra er ætlað að fara, og eins þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

3. gr.

Sérhver skipstjóri á íslensku skipi, sem lendir í eða verður var við alvarlega hættu fyrir sjófarendur, svo sem stórviðri, hafís, skipsflök o. þ. h., sem hætta getur stafað af, skal strax með öllum þeim senditækjum og merkjum, sem hann hefir til umráða, tilkynna það nálægum skipum, svo og hlutaðeigandi embættis- eða sýslumanni á næsta stað i landi, sem til næst.

Skylda má skipstjóra á íslenskum skipum til að gera veðurathuganir og senda út veðurfregnir, sem telja má nauðsynlegar fyrir sjófarendur.

Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um ákvæði þessarar greinar.

Fregnir þær, sem hér ræðir um, skulu sendar íslenskum yfirvöldum án kostnaðar fyrir hlutaðeigandi skip, sem veðurathuganirnar gerði.

4. gr.

Skipstjóri á íslenzku skipi er skyldur til þess að hjálpa skipi, sem hann hittir og er í neyð statt, eða skipi, sem beðið hefir um hjálp, ef hann getur gert það án þess að stofna skipi sínu, skipshöfn og farþegum í verulega hættu.

Ef skipstjóra er ekki unnt að veita hjálp, ef svo stendur á að ætla má, að hjálp sé ekki tímabær eða nauðsynleg, skal hann þegar í stað tilkynna skipverjum eða skipstjóra hins hjálparþurfs skipi það, ef hægt er. Ennfremur skal skipstjóri rita í skipsdagbókina nákvæma greinargerð fyrir þessari ákvörðun sinni.

5. gr.

Ákveða skal með konunglegri tilskipun, hverjar varúðarreglur skuli viðhafa á íslenzku skipi til þess að forðast árekstur milli skipa.

Þau tákni eða merki, sem ákveðin eru í þessu augnamiði, má ekki nota í neinum öðrum tilgangi.

6. gr.

Brot á 2. gr. varða sektum frá 50—500 kr.

Brot á 3. og 4. gr. þessara laga varða sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Ef um stórkostlega yfirsjón er að ræða af hendi skipstjóra, má eftir atvikum ennfremur dæma af honum réttindi til skipstjórnar.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1929 var haldin ráðstefna í Lundúnum og samningur um öryggi mannlifa á sjónum undirritaður hinn 31. maí 1929 af 18 siglingaþjóðum. Með því að Ísland mun verða aðili þessa samnings, er nauðsynlegt að fá lagaheimild til þess, að málum þessum verði skipað hér á landi í samræmi við ákvæði téðrar Lundúnasamþykktar.